



Alþýðusamband Íslands

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Sent í Samráðsgátt stjórnvalda
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2023
Tilvísun: M202303-0164

Umsögn um frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála

Frá upphafi hefur Alþýðusamband Íslands barist fyrir bættri stöðu framhaldsfræðslunnar og er sambandið einn eigenda Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Alþýðusamband Íslands lýsir því yfir áhyggjum sínum af því að í framkomnu frumvarpi til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála er framhaldsfræðslunnar hvergi getið og því ekki ætlaður skýr staður innan stofnunarinnar.

Í framkomnum drögum er framhaldsfræðsla hvergi nefnd en á vef Menntamálastofnunar er hlutverki framhaldsfræðslunnar og stofnunarinnar gerð skil.

Menntamálastofnun hefur séð um viðurkenningu og vottun fræðsluaðila og vottanir námskráa í framhaldsfræðslu, ásamt því að birta þær í námskrárgrunni. Það er mikilvægt að skýrt verði hvernig þessum verkefnum verði háttáð og hver muni bera ábyrgð á því.

Alþýðusambandið lýsir einnig yfir áhyggjum af uppbyggingu vefgáttarinnar Næsta Skref sem er vefur með upplýsingar um nám á framhalds- og háskólastigi með tengingum við lýsingar á störfum, ráðgjöf og raunfærnimat. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur séð um vefinn undanfarin ár, en ljóst að FA getur ekki staðið ein undir því verkefni til lengri tíma. Vefurinn hefur náð góðri fótfestu, fyrstur sinnar tegundar, hvort tveggja í skólum og atvinnulífi. Mikilvægt að tryggja öruggt rekstrarumhverfi hans og því væri eðlilegt að ný þjónustustofnun menntamála tæki yfir rekstur vefsins.

F.h. Alþýðusambands Íslands
Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir
Sviðsstjóri Fræðslusviðs